

**48. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands,
haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, 29. apríl 1997, kl. 10.00.**

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason, Guðmundur Tr. Ólafsson kom síðar á fundinn.

Dagskrá:

1. Kaflar úr áfangaskýrslu.

Fyrir liggja skýrslur Verkfræðistofu Suðurlands og Jóns Ólafsson hrl.
Til kynningar.
Gert er ráð fyrir að heildarskýrslan verði tilbúin um miðjan maí.

2. Ráðgjöf til sveitarfélaga.

Guðmundur Tr. Ólafsson skýrði frá störfum sínum undanfarið fyrir Sorpstöðina og hugmyndir um áframhald. Nokkur atriði sem komu til umræðu; innsöfnun og endurvinnsla á plasti, sameiginlegt átak um brotajárnssöfnun, jarðgerð, merkingar á gámasvæðum, upplýsingar til almennings, sorpmóttaka í sumarhúshverfum og úttektir á sorpmálum í einstökum sveitarfélögum.

3. Önnur mál.

a. Ráðstefna um umhverfismál á Egilstöðum, 9. og 10. júní nk.

Dagskráin kynnt.
Samþykkt að senda fulltrúa á ráðstefnuna.

b. Lögð fram viljayfirlýsing Funaplats ehf., Flúðum, dags. 8. apríl sl., vegna styrkveitingar Sorpstöðvarinnar þess efnis að fyrirtækið muni leggja sérstaka áherslu á að afla hráefnis af Suðurlandi.

Samþykkt að stefna að heimsókn í fyrirtækið 16. maí nk.

c. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson skýrði frá fyrirhuguðum aðalfundi Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., sem haldinn verður 9. maí nk., kl. 14.00, í Gunnarshólma, V-Landeyjum.

Stjórn og framkvæmdastjóra er boðið að sitja fundinn.

Fundi slitið kl. 12.00.

Karl Björnsson.
Guðmundur Hermannsson
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.
Þorvarður Hjaltason.